

Þá eigandi tíu af hundraði hússins. Bjarmaland var samkomustaður félagsins allt til ársins 1947 þegar Félagslundur var tekinn í notkun. Þá var húsið rífið og sléttað yfir tóftina.

Í Bjarmalandi fóru fundir og mannfagnaðir sveitarinnar fram í aldarþriðjung og þar var oft glatt á hjalla. Þarna voru haldnar afmælisveislur og erfisdrykkjur og auðvitað fundir og skemmtanir ungmennafélagsins. Þá voru íbúar sveitarfélagsins miklu fleiri en síðar varð en máltækið „Þröngt mega sáttir sitja“ átti vel við í þessu húsi sem þótti stórt á sínum tíma en þætti lítið í dag.

Þrátt fyrir eftirgrennslanir hefur ekki tekist að hafa uppi á ljósmyndum af Bjarmalandi og er hér með auglýst eftir því ef einhverjir vita af slíkum dýrgripum að þeir geri formanni Samhygðar viðvart.

Með ungmennafélagskveðju.
Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli.

Dagskrá mánaðarins

Boltaæfing við Þjósárver	3. júní
Íþróttæfing við Þjósárver	4. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshr.	5. júní
Kvennahlaupið	7. júní
Skógardagur í Timburhólum	7. júní
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	8. júní
Leikjanámskeið hefst	9. júní
Héraðsmót í frjálsum	10.-11. júní
Íþróttæfing við Félagslund	10. júní
Boltaæfing við Þjósárver	10. júní
Íþróttæfing við Þjósárver	11. júní
Þjóðhátíðardagur	17. júní
Íþróttæfing við Þjósárver	18. júní
Leikjanámskeiði líkur	20. júní
Afmælishátíð í Félagslund	21. júní
Boltaæfing við Þjósárver	24. júní
Íþróttæfing við Félagslund	24. júní
Íþróttæfing við Þjósárver	25. júní
Íþróttahátíð HSK	28. júní



Áveitan



6. tbl, júní 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Leikjanámskeið senn að hefjast

Nú fer leikjanámskeið Ungmennafélaganna og HSK senn að hefjast. Útlit er fyrir góða þátttöku eins og í fyrra, en enn er hægt að koma nokkrum að. Námskeiðið sem er fyrir 6-12 ára hefst 9. júní og stendur til 20. júní frá kl. 13:00-15:30. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjósárver og kennari verður Ólafur Guðmundsson íþróttakennari. Þátttökugjaldið er kr. 3.500 á barn og skal það greitt í upphafi fyrsta tíma, en Haraldur Einarsson verður á staðnum og tekur við greiðslum. Gott er að hafa í huga að allir krakkar séu klæddir eftir veðri á námskeiðinu, og taki með sér eitthvað hollt nesti, t.d. drykk og ávöxt eða samloku. Ef fleiri vilja skrá sig eða einhverjar spurningar vakna skal fólk snúa sér til formanna ungmennafélaganna. Með von um gott námskeið.

Vaka, Samhygð og Baldur



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá sveitarstjóra

Áskorun til sveitarstjórnar, undirskriftarlisti

Á fundi sveitarstjórnar 7. maí s.l. var lagður fram undirskriftalisti 218 íbúa í Flóahreppi með svohljóðandi texta:

“Við undirrituð íbúar í Flóahreppi skorum á sveitarstjórn Flóahrepps að endurskoða ákvörðun sína frá 35. fundi sveitarstjórnar 14.11.2007 um að setja Urriðafossvirkjun inn á aðalskipulag sveitarfélagsins. Að vel athuguðu máli teljum við að sveitarfélagið sé betur sett án virkjunarinnar.”

Sveitarstjórn taldi að ekkert nýtt hefði komið fram varðandi fyrirhugaðar virkjunarhugmyndir sem gæfi tilefni til að breyta fyrri ákvörðun um tillögu að aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi á þessu stigi málsins en benti jafnframt á að aðalskipulagstillagan er í lögformlegu ferli og á auglýsingatíma gefst öllum þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta, kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Sorpmál

Sorpmál munu taka miklum breytingum á næstunni en Sorpstöð Suðurlands stefnir að því að loka urðunarsvæði sínu í Kirkjuferjuhjáleigu samkvæmt samningi við sveitarfélagið Ölfus, 1. desember 2009. Sorpstöðin hyggst fara í samstarf við Sorpu, Kólku á Suðurnesjum og Sorpurðun Vesturlands um lausnir í úrgangsmálum til ársins 2020. Hugmyndir eru um uppbyggingu aðalstöðva fyrir gasgerð/jarðgerð og brennslu á höfuðborgarsvæðinu og er Álfsnessvæðið talinn áhugaverðasti kosturinn fyrir slíka starfsemi. Móttöku og umhleðslustöðvar verði staðsettar í landshlutunum en sorpið síðan keyrt til frekari vinnslu/urðunar á Álfsnes.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur verið að skoða aðra möguleika, s.s. það að gera samning við Íslenska Gámafélagið um leiðir í sorphirðu sem henta fyrir dreifbýlissveitarfélag á borð við Flóahrepp.

Íbúar munu taka virkan þátt í flokkun sorps og reiknað er með að 60-70% alls heimilssorps fari í endurvinnslu. Lausnin felst í því að flokka allt sorp í þrjár tunur, eina tunnu fyrir lífrænan úrgang, eina tunnu fyrir allt endurvinnanlegt sorp og eina tunnu fyrir sorp sem þarf að jarðgera.

Þessi aðferð er notuð í Stykkishólmi með góðum árangri.

Unglingavinna

Því miður hefur ekki enn tekist að manna starf flokksstjóra unglingavinnu. Það stefnir því í að ekki verði nein unglingavinna í sumar.

Séu einhverjir áhugasamir þá endilega hafið samband við sveitarstjóra í síma 482-3260 sem allra fyrst. Sveitarfélagið getur útvegað flokksstjóra sumarvinnu, þó svo að unglingavinnan verði ekki allt sumarið því næg eru verkefni við slátt og fleira sem lýtur að fegrun sveitarfélagsins eftir að unglingarnir hætta störfum.

Brot úr sögu Samhygðar – Bjarmaland

Í síðustu Áveitu var lítilliga minnst á fyrstu íþróttamenn Samhygðar sem kepptu á héraðsmótum Skarphéðins. Nú færum við okkur nær upphafinu og segjum aðeins frá húsinu sem byggt var af Samhygðarfélögum á fyrstu árum félagsins.

Það sem brann mest á ungmennafélögum landsins í fyrstu var hið algera aðstöðuleysi til að halda samkomur og fundi. Eins og áður hefur komið fram var Umf. Samhygð stofnað árið 1908 í Gaulverjabæjarkirkju og til að byrja með voru fundir haldnir við frumstæðar aðstæður í baðstofunni í Brandshúsum þar sem húsráðendur voru velviljaðir félaginu. Þó Samhygð væri fámennnt og fátækt eins og önnur ungmennafélög landsins á þeirri tíð leið ekki á löngu þar til félagsmenn ákváðu að reyna að eignast þak yfir höfuðið.

Í Gaulverjabæjarhlaði var lítið þinghús og félagsmönnum þótti vænlegast að leita samstarfs við hreppsnefndina um að byggja við húsið svo það yrði þokkalegur samkomustaður. Á félagsfundum 5. júní 1911 var þremur félagsmönnum falið að ræða við hreppsnefndina um þetta mál. Skemmst er frá því að segja að sú leið reyndist ekki fær því hreppsnefndin var alls ófús til slíkrar samvinnu. Nú voru góð ráð dýr en þessi andbyr varð til þess að félagsmenn færðust í aukana og ákváðu að byggja húsið af eigin rammleik. Land var fengið í túnfæti Brandshúsa sem var lítið kot norðan við Gaulverjabæ. Þar stendur nú helsta þéttbýli Gaulverjabæjarhrepps hins forna með sjö íbúðarhúsum.

Húsbyggingin gekk hratt og vel fyrir sig. Í ágúst 1911 var hafist handa og 12. nóvember um haustið hélt félagið sinn fyrsta fund í nýbyggðu húsinu. Þetta var einlyft timburhús 38 fermetrar að stærð og því var gefið nafnið Bjarmaland. Til að fjármagna bygginguna var tekið lán í Sparisjóði Árnessýslu að upphæð 607 krónur og 75 aura sem greitt var upp á einum áratug. Samkvæmt reikningum félagsins kostaði húsið uppkomið 680 krónur og 24 aura en þá voru árgjald félagsmanna 75 aurar hjá stúlkum en krónur 1,50 hjá piltum. Félagsmenn voru 41 árið 1911. Hér var ekki úr miklu að spila en helstu tekjurnar voru árgjöldin og hlutaveltur sem voru vinsælar.

Árið eftir var húsið stækkað nokkuð og var þá orðið 57 fermetrar að flatarmáli. Þannig var það notað í 30 ár en árið 1942 var ráðist í viðbyggingu við húsið og taldist það heilir 90 fermetrar þegar henni var lokið. Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps lagði til viðbyggingarinnar og varð

17. júní í Þjósárverri

Þjórhatíðardagurinn verður haldinn hátíðlegur að vanda í og við Þjósárver. Dagskráin hefst stundvíslega kl. 13:30 með íþróttamóti fyrir 13 ára og yngri þar sem keppt verður í 60 m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 800 m hlaupi. Öllum er velkommið að vera með á mótinu og **allir** fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Að íþróttamótinu loknu taka kvenfélagskonur við stjórninni með ýmsa leiki og fjallkonan mun stíga á stökk. Að lokum verður svo drukkið kaffi í Þjósárverri og er fólk beðið um að leggja til bakkelsi á veisluborðið. Nóg verður að gera fyrir yngstu kynslóðina því hoppikastalinn góði verður á sínum stað og hægt verður að fegra sig með andlitsmálningu. Sjáumst sem flest í þjóðhátíðarskapi.

Ungmennafélagið Vaka
Kvenfélag Villingaholtshrepps

17. júní í Félagslund

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa sameiginlega fyrir dagskrá við Félagslund á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hátíðarhöldin verða með veglegra móti þetta árið þar sem félögin halda bæði upp á stórafmæli á þessu ári. Dagskráin hefst kl. 12:30 á .Því að grillaðar verða pylsur í mannskapinn í boði Samhygðar.

Umf. Samhygð stendur að vanda fyrir íþróttamóti fyrir börn 14 ára og yngri, keppt er í langstökki, spretthlaupi og hringhlaupi og fá allir viðurkenningu fyrir þátttöku. Að móti lokni verður farið í ýmsa leiki og sem félögin skipuleggja saman. Boðið verður upp á andlitsmálun og seldar blóðrur. Einnig verður hoppukastali á staðnum.

Kvenfélagið býður svo upp á kaffi í Félagslund þegar úti-dagsrkánni er lokið. Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslund.

Félögin

Frá Flóaskóla

Nú í byrjun júní eru nemendur Flóaskóla komnir í sumarfrí en kennarar enn við vinnu vegna frágangs og uppgjör skólaársins. Skólaárið 2007-2008 var árangursríkt og gott og gekk starfið í skólanum mjög vel. Skólinn er vel mannaður og starfið öflugt. Nemendum fjölga töluvert á næsta skólaári en 65 nemendur eru nú skráðir til náms í haust. Gengið hefur verið frá ráðningum kennara og er útlit í starfsmannamálum mjög gott. Við bíðum nú fréttu frá Umferðarstofu vegna verkefnis okkar sem *leiðtogaskóli í umferðarfræðslu* og fáum fljótlega að vita hvort samningur um áframhaldi verkefni verður framlengdur. Forsjarmenn nemenda fá í sumar sendar frekari upplýsingar um upphaf nýs skólaárs en geta einnig haft samband við undirritaða hafi þeir einhverjar spurningar.

Veðrið á síðustu vordögum skólastarfsins var okkur einstaklega gott og vel kjörið til útináms og leikja. Við fórum í nokkrar styttri vettvangsferðir og 6.-7. bekkingar fóru í þriggja daga ferð á Snæfellsnes. Sú ferð gekk mjög vel og fengu nemendur hvarvetna hrós fyrir góða framkomu.

Íbúum Flóahrepps þakka ég fyrir stuðninginn í vetur, en hann felst meðal annars í jákvæðu hugarfari og góðu umtali um skólann okkar. Það er sérlega gott að starfa í umhverfi þar sem meðbyr er jafn mikill og góður og raun ber vitni hér í Flóahreppi. Framundan er uppbygging skólustarfs í sveitarfélaginu og ég tel að þau frækorn sem sáð verður næstu misserin til skólamála muni falla í frjósaman jarðveg. Starfsemi Flóaskóla hefur gengið vel síðustu 4 árin og engin ástæða til að ætla annað en að svo verði áfram.

Ég óska lesendum öllum gleðilegs sumars og sendi aftur fréttir af skólalífínu í ágúst eða september. Þeir sem þurfa að ná í mig í sumar geta sent mér netpóst á kristin@floahreppur.is eða hringt í gsm 663-5720.

Bestu kveðjur úr skólanum,

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.

Pistillinn

Þó að ég viti að hún Hildur í Gegnishólum kasti kúlunni langt reiknaði ég nú ekki með því að hún myndi kasta henni alla leið hingað til mín, upp í Egilsstaðakot. Og gera mig þar með ábyrgan fyrir skrifum á næsta pistli í Áveitunni.

Ég taldi mig sloppinn, þar sem ég var áður búinn að skrifa pistil í Velvakanda en rak nú í rogastans, hvað gera bændur nú? Ég býð ykkur með mér hingað í Kotið. Það er aðfaranótt sunnudags 25. maí og um víða Evrópu eru fólk í Eurovisionpartýi. Þá erum við stödd í dagrenningu hér upp á Betlehemsvöllum á stað, sem áður hét Vakholt og tillum okkur niður innan um lambféð.

Ég kalla þetta Betlehemsvelli, því það var fáum árum eftir að Ísraelsmenn ruddust yfir lönd og hernámu Gólanhæðir að við pabbi vorum að færa út túngirðingu á þessum stað. Í því kemur Samúel í Þingdal labbandi til okkar og segir: „Þetta er nú eins og ég sé kominn til Ísrael, Mundi minn og gangi um Betlehemsvelli, þegar ég geng um þessi nýju tún ykkar hér.” Hefur sú nafngift síðan fest við túnið. Er hægt að taka undir það þegar maður virðir fyrir sér sjóndeildarhringinn. Austurfjöllin með Eyjafjallajökli og Heklu í skart. Hreppafjöllin með Hestfjallahnjúkinn minn hæstan og svo landverðir Flóans, Vörðufell, Hestfjall, Búrfell, og Ingólfsfjall. Þingvallafjöllin í bakgrunn og að lokum Hellisheiðina, allt vestur á Krisuvíkurbjarg. Já, það er eins og Stína í Nesi segir „Þetta er nafli alheimsins!” Hvað eru skógar Svíþjóðar, vínekrur Frakklands, flattneskjan í Ameríku eða sólskinið og þurrkurinn á Kanaríeyjum á móti þessu og hlustiði nú, það heyrir í Fossinum.

Frá leikdeild Umf Vöku

Leikdeild Umf Vöku ætlar, í samstarfi við Umf Baldur og Umf Samhygð, að setja á svið leikrit næsta vetur. Búið er að ráða Jón Stefán Kristjánsson sem leikstjóra en hann er þrautreyndur leikstjóri bæði í atvinnu- og áhugamannaleikhúsum og hefur m.a. unnið með Leikfélagi Selfoss í nokkur skipti.

Stefnt er að því að leikstjóri hitti þá sem áhuga hafa að taka þátt í sýningunni í haust og svo verður samlestur og skipað í hlutverk fyrstu vikuna í desember. Æfingar munu svo hefjast af fullum krafti eftir áramót og er ætlunin að frumsýna seinnipart febrúarmánaðar.

Leikdeild Umf Vöku

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Ágætu kvenfélagskonur, vildi bara minna ykkur á vorfundinn okkar þann 5. júní n.k. kl. 20:30 í Þjórsárveri, sem auglýstur var í síðustu Áveitu.

Kvennahlaupið 2008

Konur á öllum aldri, minni einnig á Kvennahlaupið laugardaginn 7. júní n.k. sem auglýst var í síðustu Áveitu. Hittumst við Gafsvégamót kl. 11:00. Þátttökugjald er 1000 kr.

Sjáumst
Valgerður

Íþróttæfingar við Félagslund

hefst þriðjudaginn 10. júní kl. 20.00 og verða vikulega í sumar. Æfingarnar standa í 1,5 klst.

Samhygð

Boltaæfingar

Á þriðjudagskvöldum í sumar frá klukkan 20:00 -21:30 verða svokallaðar boltaæfingar við Þjórsárver. Öllum er leyfilegt að mæta en foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að athuga að enginn þjálfari verður á staðnum og er ekki æskilegt að senda ung börn nema í fylgd fullorðinna.Íþróttanefndin

Kvöldskemmtun Umf. Vöku

Föstudagskvöldið 30 maí sl. stóð Umf Vaka fyrir fjölskylduskemmtun við Þjórsárver í tilefni Fjörs í Flóa. Skemmst er frá því að segja að skemmtunin tókst mjög vel og var ánægjulegt að sjá hversu margir létu smá rigningu ekki stoppa sig í að skemmta sér vel. Leikdeild Umf Vöku sýndi leikritið Gilitrutt við góðar undirtektir og einnig kepptu tvö lið, skipuð Flóamönnum, í reiptogi. Stefán Geirsson, Gerður og Trausti Hjálmarsson, Langsstöðum voru fengnir til að vera höfðingjar og fengu þeir vaska Flóamenn í lið með sér.

Í liði Stefáns voru auk hans: Guðbergur í Forsæti, Margrét Ósk í Þjórsárnesi, Jóhannes á Stóra-Ármóti, Ágúst Ingi á Brúnastöðum, Helgi í Gegnishólparti, Hallfríður í Lyngholti og Ágúst á Langsstöðum.

Í liði Trausta voru auk hans: Rúnar á Langsstöðum, Einar á Langsstöðum, Ingibjörg á Langsstöðum, Ólafur í Ferjunesi, Þorsteinn Logi í Egilsstaðakoti, Margrét á Syðra-Velli og Stefán í Vorsabæ.

Leikreglur voru þær að það lið sem fyrr ynni tvær atrennur væru sigurvegarar og fóru leikar þannig að lið Trausta hafði sigur tvö skipti í röð eftir æsispennandi og jafna keppni. Stjórn Umf Vöku þakkar keppendum fyrir drengilega og skemmtilega keppni og hvetur Flóamenn til að æfa sig í reiptogi, því hver veit hverjir verða í reiptogslíði á næsta ári ☺

Stjórn Umf Vöku

Hann boðar þurrk eins og hún amma mín Guðbjörg sagði þegar heyrðist hátt í Fossinum á kvöldin. „Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af morgundeginum Einar minn, það verður þurrkur.”

Ég hef alltaf verið svo ríkur. Þegar ég var lítill átti ég þrjár ömmur. Ömmu Guðbjörgu, ömmu í Austurbænum og ömmu Siggu í Keflavík, sem allar kenndu mér guðsóttu og góða siði. Við fáum rúm fimmtíu ár til að marka okkar spor og eigum að nýta landið ágirndarlaust eftir þörfum og klára ekki alla hluti upp til agna helst í dag. Það sést ekki á gömlu Ásaleiðinni hvort skórnir voru nýkeyptir eða ekki sem marka þar götuna.

En hættum þessum hugarvæli því sól skín nú á jökulskalla. Þá kemur í hugann ljóð Davíðs Stefánssonar; *Í túni sefur bóndabær og bjarma á þil og glugga slær*. Og síðasta erindið endar; *Og allt er kyrrt um fjöll og fjörð og friður drottins yfir jörð*.

Hvert þó í hoppandi, þarna er köstuð blesótt meri! Með rauðstjörnótt merfolald. Hún skal heita Maístjarna, nú verður létt mitt skóhljóð.

Ég skora á Elvar fyrrverandi nágretta minn á Hamri að dýfa fjaðurstúf í blek og rita næsta pistil.



Einar Hermundsson

Egilsstaðakoti

SKÓGARDAGUR



Nú er meiningin að hittast í Timburhólum laugar-
daginn 7. júní kl. 13:30 og snyrta svolítið til, bera
á og eiga góða dagstund saman, í lokin verður
boðið upp á kaffi, djús og kleinur.

Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið að mæta og leggja
okkur lið í að gera skóginn okkar aðlaðandi og fínan.

Stjórn skógræktardeildarinnar

Sveitungar og vinir!

Í tilefni af fermingardegi mínum 12. maí sl. vil ég þakka fyrir gjafir
og góðar kveðjur. Takk fyrir mig.

Hlynur Logi Erlingsson
Skálatjörn

Starfsmaður óskast

Kriutangi ehf, Vorsabæ, óskar eftir smiði eða laghentum manni til starfa
sem fyrst. Fjölbreytt vinna. Um er að ræða sumarstarf en möguleiki er á
fram tíðarstarfi.

Upplýsingar veitir Stefán Helgason, s.893-4933

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með vicon samstæðu með söxun og
netbindingu. Geri tilboð í stærri verk. Útvega plast sjálfur.

Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson
Jaðarkoti

Fréttir frá Umf. Vöku

Íþróttæfingar í Þjórsárveri.

Æfingar verða fyrir eldri og yngri á íþróttavellinum við
Þjórsárver í sumar. 11 ára og yngri verða undir stjórn Huldu
Kristjánsdóttur frá 20.00-21.00. Æfingunum fyrir eldri en
11 ára stjórnar Haraldur Einarsson og verða þær frá 20.00-
21.30. Báðar æfingarnar verða á miðvikudögum og hefjast 4.
júní. Hvetjum alla til að mæta.

- Þjálfarar

Hekluganga

19. júlí næstkomandi er stefnan að ganga á Heklu. Upp-
gangan er 3-4 klukkutímar og aldurstakmarkið verður
fermingarárið en þeir sem eru undir þeim aldri mega koma í
fylgd foreldra.

Gangan verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Skemmtinefnd

Héraðsmót í frjálsum 10. - 11. júní nk.

Héraðsmót fullorðinna í frjálsíþróttum verður haldið á
Laugarvatni dagana 10. og 11. júní nk. og hefst keppni bæði
þriðjudag og miðvikudag kl. 19:30.

Þar sem héraðsmótið er haldið á öðrum tíma en yngri mótin
er mótið einnig opið yngri keppendum en 19 ára. Hvetjum
alla til að mæta skráning fer fram hjá Tómasi Karli (865-
0526) síðasti skráningardagur er 8. júní.

Íþróttahátíð HSK verður haldin á Laugarvatni laugardaginn
28. júní. Keppt verður í frjálsíþróttum í flokkum 12 – 14 ára
og 11 ára og yngri. Þá verður keppt í íþróttum fatlaðra og
þennan dag fer Bláskógaskokkið fram. Vaka stefnir á að
senda marga hressa krakka á þetta skemmtilega mót. Nánar
kynnt á íþróttæfingum.